

Fundargerð 13. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn miðvikudaginn 28. maí 2025 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Berglind Kristjánsdóttir yrði fundarstjóri og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði ritari. Samþykkti fundurinn það einróma.

2. Skýrsla stjórnar

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2024. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu Þekkingarsetursins.

3. Ársreikningur ársins 2024

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2024 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 10,6 milljónir króna. Heildareignir námu 29,5 milljónum króna í árslok en skuldir voru rúmar 17,1 milljón króna. Eigið fé í árslok var 12,4 milljónir króna.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á vefsíðu Þekkingarsetursins:

<https://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skjol/arsskyrslur/>

4. Háskólaþjónusta Þekkingarsetursins

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarsetursins, kynnti Háskólaþjónustu Þekkingarsetursins sem er verkefni í þróun en verður formlega í boði frá og með næsta hausti. Hún sagði einnig frá breytingum á húsnæði setursins sem unnið er að til að hýsa Háskólaþjónustuna.



5. A killer on the run: interactions between pilot whales and killer whales

Anna Selbmann, líffræðingur og doktorsnemi og verðandi sérfræðingur hjá Þekkingarsetrinu, sagði frá rannsóknum sínum á samskiptum háhyrninga og grindhvala sem eru mjög áhugaverðar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.



Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Sindri Gíslason - sign

Berglind Kristjánsdóttir - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign